

# Skil á afdreginni staðgreiðslu af fjármagnstekjum

Apríl - Júní 2019

## Fjármagnstekjuskattur er 22%

### Arðgreiðslur

Skylda til að draga staðgreiðslu af arði og skila í ríkissjóð hvílir á öllum einkahlutafélögum, hlutafélögum og öðrum félögum með takmarkaða ábyrgð félagsaðila.

### Vaxtatekjur

Skylda til að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum og skila í ríkissjóð hvílir á innlendum innlásstofnunum, verðbréfafyrirtækjum, verðbréfamiðlurum, eignarleigufyrirtækjum og öðrum fjármálastofnunum, lögmönnum, löggiltum endurskoðendum og öðrum fjárvörsluaðilum, tryggingafélögum svo og sér-hverjum öðrum aðilum sem hafa atvinnu af fjárvörslu, milligöngu eða innheimtu í verðbréfaviðskiptum eða annast innheimtu fyrir aðra.

### Sundurliðun upplýsinga

Skilaskyldum aðilum ber að gera sundurliðaða grein fyrir fjármagnstekjum og afdreginni staðgreiðslu á hverjum ársfjórðungi. Sundurliðun vegna annars ársfjórðungs ársins 2019 skal gerð við skil með eindaga í ágúst.

### Skiladagur

Gjalddagi afdreginnar staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts á öðrum ársfjórðungi 2019 er 20. júlí 2019 en eindagi er 6. ágúst. Skilaskyldur aðili skal ótilkvaddur greiða staðgreiðslu af fjármagnstekjum í síðasta lagi á eindaga.

### Vanskil

Ef skilaskyldur aðili framvíesar ekki fullnægjandi skilagrein rafrænt eða á pappír innan tilskilinna tímamarka skal ríkisskattstjóri áætla skilaskylda fjárhæð.

### Næsti skiladagur

Næsti gjalddagi er 20. október 2019 vegna tekna á ársfjórðungnum júlí - sept. og eindagi 4. nóv. 2019.

#### Rafræn skil á fjármagnstekjuskatti

Á þjónustusíðu ríkisskattstjóra, [skattur.is](#), eru gerð full skil á fjármagnstekjuskatti.

Undir liðnum *Vefskil* er valið *Staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts*, og svo valið að skrá skilagrein.

Bæði er hægt að nota aðalveflykil og skilalykil. Þegar skilagrein hefur verið send rafrænt verður til krafa í heimabanka gjaldanda.

Stofnist ekki krafa í heimabanka er greitt með OCR-rönd, sem finna má á kvittun fyrir sendingunni, AB-gíró eða gírogreiðslu í heimabanka.

Skila skal núllskýrslu þrátt fyrir að engar skattskyldar greiðslur hafi átt sér stað á tímabilinu.